# ÍÞRG3FR03

**(Íþróttagrein - frjálsar íþróttir)**

Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2024

| Kennari: | **Þuríður Ingvarsdóttir (ÞIN) thury@fsu.is** |
|---|---|

**Áfangalýsing:**

Í áfanganum eiga nemendur að læra að kenna börnum og unglingum undirstöðuatriði í frjálsum íþróttum. Lögð er áhersla á kennslu byrjenda í flestum greinum frjálsra íþrótta. Farið er yfir reglur í greininni. Stefnt er að því að nemendur öðlist ákveðna grundvallarfærni í spjótkasti, kúluvarpi, kringlukasti, hástökki, langsökki, grindarhlaupi, boðhlaupsskiptingum og spretthlaupi. Farið er yfir helstu atriði í þjálffræði barna og æfingar kenndar sem þjálfa grunnatriðin í þessum greinum. Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur. Nemendur æfa sig í að kenna hvert öðru og yngri börnum.

**Undanfari:** ÍÞRF2ÞJ05

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Ýmsum greinum frjálsra íþrótta
- Helstu keppnisreglum frjálsra íþrótta
- Ýmsum æfingum sem henta í þjálfun barna
- Helstu þjálfunaraðferðum í kastgreinum, stökkgreinum og hlaupum

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Kenna mismunandi greinar frjálsra íþrótta
- Sýna grunnfærni í mismunandi greinum frjálsra íþrótta

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Útskýra leikfræði frjálsra íþrótta
- Skipuleggja þjálfun fyrir börn og unglinga
- Sýna grunnfærni í frjálsum íþróttum

**Námsefni:**

- Frjálsíþróttakennsla barna og unglinga, höfundur Þráinn Hafsteinsson
- Efni af síðu World athletics á netinu
- Efni frá kennara

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

| Vika | Dagsetning | Námsefni og viðfangsefni | Próf og verkefni |
|---|---|---|---|
| 1.-9. | 9. janúar - 5.mars | - Fyrsti tími er þri 9. janúar.<br>- Námsáætlun áfangans kynnt.<br>- Farið yfir skipulag kennslunnar<br>- Bókleg og verkleg kennsla í greinum, hlaup, stökk og köst.<br>- Vetrarfrí 20.febrúar<br>- Miðannarmat 8.mars | Virkni og þáttaka í tímum.<br><br>Verkefni og próf |
| 10.-18. | 12.mars - 7.maí | - Kennslufræði barna í frjálsum íþróttum<br>- Kennsluverkefni<br>- Framhald á kennslu í greinum, áhersla á löng köst og hringhlaup<br>- Páskafrí 25.mars - 1.apríl | Nemendur kenna öðrum<br><br>Verkefni og próf |

**Sérreglur áfangans:**

- Nemendur þurfa að skila öllum verkefnum áfangans og fá að lágmarki 5 í einkunn til að standast áfangann.
- Allir tímar byrja í stofu 1 í Iðu nema annað sé tekið fram.
- Nemendur skulu alltaf vera klæddir til að taka þátt í greinunum, innanhúss í Frjálsíþróttahöll og utanhúss þegar fer að vora og veður leyfir. Athugið að svalt er í Höllinni og nauðsynlegt að vera í peysu og buxum. Góðir skór eru lykilatriði. Aðstaða til að skipta um föt eru í Iðu, íþróttahúsi FSu.

- Nemendur skulu sjálfir eiga flautu til að nota þegar þeir kenna öðrum.

**Námsmat:**

| **Námsþáttur** | **Lýsing á námsmati** | **Vægi** |
|---|---|---|
| Verkleg þátttaka | Þátttaka í verklegum tímum, metið alla önnina | 30% |
| Kennsluverkefni | Nemendur skipuleggja kennslu og kenna öðrum | 20% |
| Verkefni | Fjölbreytt verkefni um stakar greinar | 10% |
| Próf | Skriflegt próf úr keppnisreglum | 30% |
| Ástundun | Virkni, áhugi og mætingu | 10% |
| Samtals | | 100% |

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Fjölbrautaskóli Suðurlands

4.janúar 2024

Þuríður Ingvarsdóttir